

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal láta hlutkesti ráða úthlutun tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og mysudufti.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og IV A, við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

| Tollnúmer: | Vara                                  | Tímabil           | Vörumagn | Verðtollur | Magntollur |
|------------|---------------------------------------|-------------------|----------|------------|------------|
|            |                                       |                   | kg       | %          | kr./kg     |
| 0407.0000  | Frjóegg (af tegund Gallus domesticus) | 01.01.02-31.12.02 | ótilgr.  | 0          | 77         |
| 0404.9000  | Annað (mysuduft)                      | 01.01.02-31.12.02 | ótilgr.  | 0          | 5          |

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgða-tollafgreiðslu, skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Við innflutning á frjóeggjum (0407-0000) skal gætt ákvæða laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

## 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 3. desember 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um skylduvátryggingar vegna loftferða, nr. 551/1998.

## 1. gr.

2. mgr. 3. gr. skal hljóða svo:

Vátryggingarfjárhæðir vegna hvers tjónsatburðar, skulu fara eftir hámarksflugtakspýngd og vera sem hér segir:

1. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtakspunga undir 10 tonnum:  
SDR 6.500.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
2. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtakspunga á bilinu 10 - 25 tonn:  
SDR 12.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
3. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtakspunga á bilinu 25 - 100 tonn:  
SDR 50.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.
4. Fyrir loftför með leyfðan hámarksflugtakspunga frá og með 100 tonnum og yfir:  
SDR 90.000.000 gagnvart tjóni á mönnum og öðru tjóni.

## 2. gr.

2. mgr. 9. gr. skal hljóða svo: Vátryggingarskilmálar, sem reglugerð þessi tekur til, skulu látnir Fjármálaeftirlitinu og Flugmálastjórn Íslands í té áður en þeir eru boðnir vátryggingartökum.

## 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í 131. gr. loftferðalaga nr. 60/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. febrúar 2002.

*Samgönguráðuneytinu, 4. desember 2001.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Kristín Helga Markúsdóttir.*